

Afbrotatölfræði 2022

1. janúar—31. desember 2022

Helstu niðurstöður

Hegningarlagabrot aðeins færri en síðustu ár

Árið 2022 voru skráð hegningarlagabrot alls 12.654 sem er fækkun um 3% (↓) miðað við meðaltal síðastliðinna þriggja ára á undan (2019-2021). Þegar tegundir hegningarlagabrotanna eru greindar frekar má sjá að stærstur hluti er auðgunarbrot (43%), ofbeldisbrot (17%) og eignaspjöll (16%). Ofbeldisbrotum fjölgaði (↑18%), eignaspjöll voru svipuð að fjölda (↑2%) og auðgunarbrotum fækkaði lítillega (↓5%). Þá má nefna að skjalafalsbrotum fækkaði (↓19%).

• Ofbeldisbrotum fjölgaði um 18%

Ofbeldisbrotum fjölgaði um 18% (↑) miðað við meðaltal síðastliðinna þriggja ára á undan. Þegar ofbeldisbrot eru greind frekar má sjá að minniháttar ofbeldisbrotum fjölgaði um 13% (↑), og voru um 1.300 árið 2022. Einnig fjölgaði meiriháttar/stórfelldum ofbeldisbrotum um fjórðung (↑) og voru alls um 250 talsins og þá voru tilvik þess að lífi eða heilsu annarra var stofnað í augljósan háska tvöfalt fleiri (↑) samanborið við meðaltal árunum 2019-2021, eða alls 60.

• Manndráp voru fjögur í þremur atvikum

Manndráp voru fjögur í þremur aðskildum atvikum. Í einu atviki var sá sem framdi manndrápið sviptur lífi í neyðarvörn og telst það sem manndráp í gögnum lögreglu þó málið hafi verið fellt niður á grundvelli neyðarvarnar. Þá voru skráðar 12 tilraunir til manndrápa, en að meðaltali fimm á árunum 2019-2021 og því um að ræða talsverða fjölgun (↑) þó brotin séu fá.

• Innbrot svipuð að fjölda, en rúmur þriðjungur á heimili/einkalóð

Fjöldi innbrota var svipaður og að meðaltali 2019-2021, en brotin voru rétt um 1.100, eða tæplega þrjú slík brot að meðaltali á dag. Flest innbrot voru framin á heimili eða einkalóð (35%) en um 28% í fyrirtæki eða stofnun og um fimmtungur í ökutæki.

• Þjófnaður aðeins fátíðari

Þjófnaðarbrotum fækkaði lítillega (↓5%) miðað við meðaltal síðustu þriggja ára á undan. Þegar undirflokkar þjófnaða eru skoðaðir nánar má nefna að þjófnuðum á skráningarkerkjum fjölgaði um 23% (↑) og þjófnuðum á eldsneyti fækkaði um 20% (↓) miðað við meðaltal síðustu þriggja ára á undan.

• Kynferðisbrot svipuð að fjölda en nauðganir fleiri

Árið 2022 voru tilkynnt til lögreglu 622 kynferðisbrot, sem jafngildir um 52 slíkum brotum á mánuði. Heildarfjöldi brotanna var svipaður og meðaltal síðastliðinna þriggja ára á undan (↑2%). Stærsti hluti brotanna var nauðgun (41% kynferðisbrota) og næst stærsti var kynferðisbrot gegn barni (18% kynferðisbrota). Tilkynningum um nauðgun fjölgaði um 32% árið 2022 miðað við meðaltal síðastliðinna þriggja ára á undan en kynferðisbrotum gegn börnum fækkaði um 7%.

Afbrotatölfræði 2022

1. janúar—31. desember 2022

Helstu niðurstöður

Sérrefsilagabrot um 5.500 og aðeins færri en síðustu ár (↓3%)

Þegar sérrefsilagabrot eru skoðuð nánar má sjá að tæpur þriðjungur brotanna eru fíkniefnabrot. Fíkniefnabrot (að meðtöldum stórfelldum fíkniefnabrotum) voru 1.714 árið 2022, og þannig 9% færri (↓) en meðaltal síðustu þriggja ára á undan. Varsla og meðferð fíkniefna eru almennt um 70-80% allra fíkniefnabrot og fer fjöldi þeirra að miklu leyti eftir frumkvæðisvinnu lögreglu og áherslum í löggæslu. Brot er vörðuðu vörslu og meðferð fíkniefna voru 12% færri (↓) miðað við meðaltal árin 2019-2021. Hins vegar var framleiðsla fíkniefna 6% fleiri og innflutningur fíkniefna 4% fleiri (↑).

Aldrei lagt meira magn af maríjúna og amfetamín basa

Lögregla og tollgæsla lögðu hald á meira magn maríjúana en nokkru sinni áður, eða 171 kg. Árið 2021 var einnig lagt hald á óvenju mikið magn, eða 141 kg. Þannig var samanlagt magn árin 2021-2022 um 313 kg. en yfir fimm ára tímabil árin 2016-2020 var lagt hald á 288 kg. af maríjúana. Þá var lagt hald á 47,5 millilítra af amfetamín basa sem er einnig mesta magn amfetamín basa sem sést hefur í gögnum lögreglu.


Brot gegn barnaverndarlögum og vopnalögum fleiri

Önnur brot sem falla undir sérrefsilagabrot eru t.d. brot gegn barnaverndarlögum og brot gegn vopnalögum. Brot gegn barnaverndarlögum voru 344 talsins (rétt tæplega eitt slíkt brot á dag að meðaltali) og 24% fjölgun(↑) miðað við meðaltal síðastliðinna þriggja ára á undan. Þá voru brot gegn vopnalögum 535 talsins sem er 15% fjölgun(↑).

Umferðarlagabrot færri, flest brot hraðakstursbrot

Umferðarlagabrot voru tæplega 59 þúsund (↓10%) og var of hraður akstur 79% brotanna. Hraðakstursbrot voru um 46 þúsund (↓9%) og voru um 35 þúsund brotanna tekin á stafrænar hraðamyndavélar sem eru staðsettar við vegi landsins. Fjöldi brota vegna aksturs án réttinda voru rétt yfir 3.000 og um þriðjungur færri miðað við meðaltal síðustu þriggja ára (↓32%).

Mynd 1. Þróun hegningarlaga- og sérrefsilagabrota og fjölgun/fækkun miðað við árið á undan



Um gögnin: Gögn fyrir árið 2022 voru tekin úr málaskrá lögreglu í apríl 2023 og er um að ræða skráningu brota í öllum umdæmum lögreglunnar. Miðað er við skráningartíma brotsins, þ.e. árið sem þau voru tilkynnt, burtséð frá því hvenær brotið átti sér stað. Tekin eru með öll brot sem tilkynnt eru til lögreglu, burtséð frá því hvort gefin sé út ákæra að ekki.